

Karلاكórinn Vísir

1924 — 25 ÁRA — 1949

Um þessar mundir minnst Karla kórinn Vísir 25 ára afmælis síns. Starfsferill Vísis, — sem af mörgum hefur verið kallaður óskabarn Siglfirðinga, — hefur verið með þeim ágætum þessi ár, að allir Siglfirðingar hljóta að senda honum á þessum tímamótum einlægur þakkir og árnaðaróskir.

Karلاكórinn Vísir var stofnaður 22. jan. 1924. (Vísir hafði hugsað sér að minnst afmælisins í janúar s.l., en varð að fresta afmælisfagnaðinum þar til s.l. sunnudag). — Tildrögin að stofnun Vísis voru þau, að snemma vetrar 1923 komu nokkrir Siglfirðingar saman að tilhlutan Halldórs Hávarðssonar, til að æfa nokkur söng lög sér til dægrastyttingar. Sá endir varð á æfingum þessum, að efnt var til samsöngs sem haldinn var milli jóla og nýjárs þ. á. Sungið var í fimleikasal barnaskólans sem þá var aðal samkomuhús bæjarins. Móttökur bæjarbúa voru hinar þrýðilegustu. — Á gamlaárskvöld 1923 söng söngflokkur þessi úti undir berum himni. Veðrið var milt og mikill mannfjöldi safnaðist þar sem ákveðið var að söngfl. skyldi syngja, en það var af svölum húss Helga Hafliðasonar, kaupmanns (þar sem nú býr héraðslæknirinn, Halldór Kristinsson). — Hrifning Siglfirðinga þetta kvöld var mikil og ánægjan óblandin yfir þeirri nýbreytni sem þarna var tekin upp. Þetta kvöld mun flestum þeim, sem þarna voru viðstaddir hafa skilist, að nýr kór var í uppsiglingu í bænum, og að fyrstu kynnin lofuðu góðu.

Í kjölfar þessara tveggja konserta, í fimleikasalnum og úti á gamlaárskvöld, kom svo formleg stofnun kórsins eins og áður segir 22. jan. 1924. — Stofnendur kórsins voru þessir menn:

Söngstjóri:

Halldór Hávarðsson.

1. tenór:

Bjarni Hóseasson
Egill Stefánsson
Guðmundur Fr. Guðmundss.
Vilhjálmur Hjartarson
Þorsteinn Gottskálksson

2. tenór:

Guðlaugur Gottskálksson.
Helgi Kjartansson
Helgi Stefánsson
Sigurður Jensson
Friðrik Júlíusson

1. bassi:

Kjartan Jónsson
Cristján Möller
Kristmar Ólafsson
Tómas Gíslason
Pétur Björnsson

2. bassi:

Gunnlaugur Sigurðsson
Jósep Blöndal
Dúi Stefánsson
Óli G. Baldvinsson
Pétur Vermundsson
Sophus A. Blöndal

Aðeins 3 af stofnendum Vísis eru enn starfandi meðlimir en það eru; núverandi formaður kórsins, Egill Stefánsson, og þeir Jósep Blöndal og Gunnlaugur Sigurðsson. Engin þreytmerki sjást á þessum Vísis-mönnum er þeir halda til æfinga eftir aldarfjórðungs starf, og kunnugir herma að þeir séu jafnan fyrstir til æfinga og fullir áhuga.

Aðalhvatamaður að stofnun kórsins, Halldór Hávarðsson, sem varð fyrsti söngstjóri kórsins, var lífið og sálin í félagsskapnum, „enda hafði hann eldlegan áhuga fyrir sönglistinni“ eins og einn söngbróðir hans komst að orði fyrir nokkru. Vísir naut skamma stund tilsagnar og stjórnsemi þessa manns þar sem hann andaðist hér í Siglufirði vorið 1924. — Vísir lifði áfram, — þrátt fyrir tilfinnanlegt fráfall brautryðjandans, — undir handleiðslu þeirra Cristjáns Möllers og Dúa Stefánssonar. Í október um haustið 1924 tekur Tryggvi Kristinsson við stjórn Vísis og hefur hana á hendi á fimmta ár. Á þessu tímabili hélt kórinn margar söngskemmtanir hér í Siglufirði og einnig fór hann



Þormóður Eyólfsson, söngstjóri

á þessu tímabili sína fyrstu söngför, sem var til Ólafsfjarðar. — Tryggvi Kristinsson starfaði fyrir kórinn af miklum dugnaði og var hinn ágætasti söngstjóri. Tryggvi sagði af sér söngstjórn vegna vaxandi annríkis við kennslustörf. Vísismenn voru nú í miklum vanda staddir, orðnir söngstjóralessir, aðeins 5 ára gamlir, óeitanlega minnti það nokkuð á munaðarlaust en efnilegt barn. Fyrir áeggjan nokkurra Vísismanna og eftir þrábeiðni þeirra tekur Þormóður Eyólfsson nú við stjórn Vísis og hefur hann s.l. 20 ár stjórnað honum með þeim ágætum, sem landskunnugt er. Það er oflangt mál að rekja hér nákvæmlega starfsferil kórsins þessi ár, en stiklað skal á því stærsta.

Árið 1930 fer Vísir til Þingvalla. Í þeirri ferð varð þessi minnsti kór (15 menn), sem á Þingvöllum söng á þessari glæsilegu hátíð Ísl., landskunnur og hlaut góða dóma. Vísir hefur á þeim aldarfjórðungi, sem hann hefur starfað, komið fram opinberlega um 150 sinnum. Er það að meðaltali sex sinnum á ári og auk þess hefur hann sungið all oft við jarðarfari. Alls hefur Vísir farið 15 söngferðir út um land og sungið á 24 stöðum. Árin 1930 og 1934 fór Vísir á söngmót Sambands íslenskra karlakóra og sjálfstæðar söngferðir til Reykjavíkur fór kórinn 1937 og 1944. Í báðum ferðum fékk hann góðar viðtökur og góða dóma. Á

því sem hér hefur verið sagt, sést að Vísismenn hafa ekki setið auðum höndum undanfarin ár og þegar þess er gætt, að allt þetta starf byggist á tómtundavinnu og fórnarvilja, þá er hér um þrekvirki að ræða.

Það er ekki hægt að minnst svo afmælis Vísis, að ekki sé á það minnt, að hann hefur á undanförunum árum notið tilsagnar afburða söngkennara. Ber þar hæst nafn Sigurðar Birkis, sem er Siglfirðingum mörgum að góðu kunnur. Aðstoðarmaður Birkis, hinn ungi og efnilegi söngmaður Kjartan Sigurjónsson, dvaldi hér einnig oft og einatt og þjálfaði kórinn og söng einnig einsöng með kórnum. Hið skyndilega fráfall þessa unga manns var mikið áfall fyrir sönglífið í landinu.

Jafnframt því, að Vísir hefur á undanförunum árum notið söngstjóra, sem hefur haft alveg sérstakan áhuga og dugnað til að bera við söngstjórastarfið, hefir hann haft því láni að fagna að hafa góða og skemmtilega einsöngvara. Eru það þessir:

Aage Schiöth
Christian Möller
Daniel Þórhallsson
Erling Ólafsson
Halldór Kristinsson
Jón Gunnlaugsson
Kjartan Sigurjónsson
Sigurjón Sæmundsson
Þorsteinn H. Hannesson

Stofnun Vísis og starf á liðnum aldarfjórðungi hefur verið ómetanlegt fyrir Siglufjörð og Siglfirðinga, enda mun vart sá Siglfirðingur til vera, sem ekki ann Vísir. — Hinar fjölmörgu ánægjustundir, sem hann hefur veitt Siglfirðingum á liðnum árum, gleymast ekki. Vísir hefur aukið hróður Siglufjarðar út á við og ekki hefur veitt af, og fyrir það er honum eigi síður þakkað. Það er von Siglfirðinga að Vísir deyi aldrei. Menningarlíf okkar má ekki við slíkum missi. Þökk sé Vísismönnum fyrir allt þeirra starf.

S A F T

fæst í

Kiötbúð Siglufjarðar